



2025

Ársskýrsla Róttarinnar 2024-2025

Róttín

Ársskýrsla Rótarinnar fyrir starfsárið 2024-2025
Kristín I. Pálsdóttir tók saman fyrir ráð Rótarinnar
www.rotin.is

Halldóra R. Guðmundsdóttir tók saman ársskýrslu Konukots

Mynd á forsíðu:

Efnisyfirlit

Skýrsla ráðs Rótarinnar.....	3
Starfið á árinu.....	3
Aðild og þátttaka	4
Stefnumótunarhópar.....	7
Viðburðir.....	8
Innlend verkefni.....	10
Erlend samstarfsverkefni.....	11
Ávörp, erindi og umsagnir	11
Fundir og heimsóknir.....	13
Fréttir og viðtöl.....	15
Starfsáætlun	17

Skýrsla ráðs Rótarinnar

Aðalfundur Rótarinnar var haldinn 15. maí 2024 og fóru þar fram hefðbundin aðalfundarstörf. Kristín I. Pálsdóttir flutti skýrslu ráðsins og kynnti reikninga félagsins þar sem gjaldkeri boðaði forföll, fundarritari var Sara Sigurbjörns Öldudóttir. Þá var starfsáætlun næsta starfsárs kynnt.

Nýtt ráð félagsins hélt svo sinn fyrsta fund nokkrum dögum síðar og skipti með sér verkum þannig að Kristín I. Pálsdóttir var valin forman Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, varaforman, Kolbrún Kolbeinsdóttir, ritari Unnur Ágústsdóttir, gjaldkeri og Margrét Hugrún Gústavsdóttir Björnsson, meðstjórnandi.

Í vararáð voru kosnar: Helga Baldvins Bjargardóttir og Sara Stef. Hildardóttir en skoðunar- aðilar reikninga verða Auður Önnu Magnúsdóttir, sem fyrr, og Sara Sigurbjörns Öldudóttir.

Ein lagabreyting var lögð framá fundinum um að breyta 1. mgr. 1. gr. um heiti félagsins þannig að nú heitir félagið Rótin, félagasamtök en hét áður Rótin - félag um velferð og lífsgæði kvenna.

Kolbrún og Helga voru kosnar í framkvæmdaráð Konukots.

Ráð félagsins hittist að jafnaði á fjögurra til sex vikna fresti og á starfsárinu voru haldnir 9 ráðsfundir.

Í dag eru 575 konur skráðar í félagið og 3.400 fylgja Rótinni á Facebook.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra árið 2024 var 70% frá janúar og út júlí en hefur verið 100% frá 1. ágúst.

Um bókhald og launamál Rótarinnar, og þar með Konukots, fer Orden ehf. sem þær Elsa Jónsdóttir Bs Viðskiptafræði og Arna Haraldsdóttir M.Acc reka.

Skrifstofur Rótarinnar eru í Kvennaheimilinu, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.

Starfið á árinu

Starfsár hefur einkennst af mikilli áherslu á stefnumótunarvinnu og talskona félagsins hefur setið í þremur hópum á vegum heilbrigðisráðuneytis sem fjalla um vímuefnastefnu og málefni notenda heilbrigðisþjónustunnar ásamt því að taka þátt í endurskoðun á menntun áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Þá er félagið aðili að evrópsku stefnumótunarstarfi í gegnum félagsaðild að FEANTSA.

Starfið í Konukoti, sem er langstærsta verkefni félagsins, gengur vel og árangur af gæðastarfi síðustu ára heldur áfram að skila sér í starfinu og starfsmannahaldi en sl. tvö ár starfsmanna-velta verið lítil.

Konukot hefur lengi búið við erfiðar húsnæðisaðstæður en nú lítur út fyrir að starfsemin verði flutt í Ármúla 34. Það er þó ekki fullfrágengið, starfsemin er t.d. ekki komin með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti ennþá, og þá á eftir að ganga frá ýmsum praktískum atriðum á milli Rótarinnar og Reykjavíkurborgar.

Eins og fyrr njótum við örlætis velunnara Konukots og höfum fengið rausnarlegan stuðning frá félagasamtökum og einstaklingum á árinu. Sá sjóður mun nýtast vel þegar kemur að því að innrétta nýtt húsnæði fyrir Konukot.

Eins og fyrri ár hefur félagið fengið veglega styrki frá heilbrigðisráðuneyti, bæði til rekstrar félagsins og til rekstrar heilbrigðisverkefnis og frá Lýðheilsusjóði.

Glóð er stjaki fyrir lítil jólakerti sem seldur er til styrktar Konukoti. Erling Jóhannesson gullsmiður í Smiðsbúð er upphafsmaður og *primus motor* verkefnisins. Hann hannar kertastjakana og kynnir þá með félögum sínum, konum úr leikarastétt. Allur ágóði af sölunni rennur í sjóð sem fjármagnar verkefni heimilislausum konum til góða og í ár var ákveðið að nýta gjafaféð í rannsókn á komum heimilislausra kvenna Bráðamóttöku og er unnið að henni.

Ráðist var í að hefja skipulega söfnun styrktaraðila á árinu og er það verkefni sem verður byggt upp á næstu árum.

Rótin er þekkingarmiðað félag og á undanförunum árum hefur félagið byggt upp öflugt tengslanet í Evrópu, tekið þátt í Evrópuverkefnum, og starfsfólk farið á ráðstefnur, vinnustofur og í aðra þjálfun. Á Íslandi er ekki að finna öflugt þekkingarstarf í málefnum fólks með vímuefnavanda, um heimilisleysi eða félagslegt réttlæti og því eru tengsl við það sem best er verið að gera í málaflokknum í Evrópu mjög mikilvægt félaginu. Þar er þá helst að nefna aðild Rótarinnar að FEANTSA - Evrópusamtaka þeirra sem reka þjónustu fyrir heimilislausum - sem einnig heldur úti tengslanetinu FEANTSA Women - Community of Practice.

Á síðasta ári fór svo af stað INTERACT-verkefnið sem Rótin vannur að ásamt fulltrúum frá fimm öðrum Evrópulöndum og er markmið verkefnisins að gera tillögur að innleiðingu áætlunar sem tekur á margþættum vanda heimilislausra kvenna sem lifa við ótryggar aðstæður, svo sem ofbeldi í nánum samböndum, geðrænan vanda og vímuefnavanda.

Verkefnið, sem er til þriggja ára, miðar þannig að því að kortleggja aðstæður heimilislausra kvenna í hverju þátttökuríki og setja fram tillögur að aðgerðum svo bæta megi aðstæður og þjónustu við heimilislausar konur með fjölþættan vanda í þeim löndum sem aðild eiga að verkefninu.

Félagið var virkur þátttakandi í stefnumótunarstarfi á vegum hins opinbera á liðnu starfsári, tók þátt í gerð skaðaminnkunarstefnu, var í notendaráði heilbrigðisþjónustu og Kristín talskona Rótarinnar leiddi vinnu starfshóps um áfengis- og vímuefnastefnu fyrir heilbrigðisráðuneyti. Sú vinna var langt komin við stjórnarskipti en óljóst er um framhald hennar. Þá má einnig nefna fagráð um breytingar á námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa sem Kristín er tekur þátt í.

Almennt má því segja að árið hafi verið annasamt og gott og er ánægjulegt að finna fyrir því að kallað er eftir aðkomu Rótarinnar í umræðu og stefnumótun í málefnum fólks með vímuefnavanda og tengd vandamál.

Aðild og þátttaka

Kvenréttindafélag Íslands

Rótin er aðili að Kvenréttindafélaginu síðan árið 2020 og talskona tók þátt í aðalfundi félagsins vorið 2025.

Kvennaár

Rótin er þátttakandi í verkefninu Kvennaár og mun félagið standa fyrir viðburði sem hluta af dagskrá Kvennaárs.

Til að fylgja eftir Kvennaverksfallinu 2023 tóku á sjötta tug samtaka femínista, kvenna, launafólks, fatlaðs fólks og hinsegin fólks höndum saman og boðuðu Kvennaár 2025 til að flétta saman baráttu fyrir jafnrétti með fjölbreyttri dagskrá. Sara Stef. Hildardóttir er fulltrúi félagsins í framkvæmdaráði Kvennaárs 2025.

Hvatinn að Kvennaári er að 50 ár eru liðin frá því að konur hér á landi lögðu niður launuð sem ólaunuð störf sín og stöðvuðu þannig samfélagið. Þrátt fyrir þrotlausa baráttu í hálföld búa konur enn við misrétti og ofbeldi.¹

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Rótin er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands síðan árið 2022. Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir er aðalfulltrúi félagsins í fulltrúaráði og Kristín I. Pálsdóttir varafulltrúi. Nú um mánaðamótin tók Mannréttindastofnun Íslands við hlutverki skrifstofunnar og Mannréttindaskrifstofan hefur verið lögð niður.

16 daga átak gegn ofbeldi

16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem hefst 25. nóvember á ári hverju, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi, og lýkur 10. desember, á alþjóðlega mannréttindadeginum. Í átakinu 2024 var lögð áhersla á kvennamorð (e. *femicide*), sem eru hrottalegasta og grófasta birtingarmynd ofbeldis gegn konum og stúlkum og bein afleiðing kynjamismununar, kynbundins ofbeldis og úreltra hugmynda um kynjahlutverk.²

Framlag Rótarinnar í ár var grein eftir Kristínu, talskonu og Halldóru, forstöðukonu í Konukoti sem birtist á Vísir.is hinn 1. Desember undir heitinu Hálf líf heimilislausra kvenna.³

FEANTSA - European Federation of National Organisations Working with the Homeless

Frá árinu 2023 hefur Rótin verið aðili að FEANTSA - samtökum evrópskra stofnana sem vinna með heimilislausu fólk - en samtökin eru þau einu í Evrópu sem einbeita sér alfarið að því að vinna gegn heimilisleysi með það að markmiði að binda endi á heimilisleysi í Evrópu.

Kristín I. Pálsdóttir, situr í framkvæmdastjórn FEANTSA sem fulltrúi Íslands. Hún sat sinn fyrsta stjórnarfund í Brussel í byrjun nóvember og á dagskrá voru m.a. tvær heimsóknir í Evrópuþingið til að taka þátt í viðburðum um heimilisleysi. Annars vegar fundur um heimilisleysi og nýja stefnu Evrópuþingsins undir forystu finnsku þingkonunnar Maria Ohisalo og opinn áheyrnarfundur um heimilisleysi kvenna sem þingkonan Alessandra Moretti stóð fyrir.

¹ Kvennaár 2025: <https://kvennaar.is/>

² 16 daga átak gegnkynbundnu ofbeldi - Ljósaganga UN Women á Íslandi og fleira: <https://www.humanrights.is/is/forsida/frettir/16-daga-atak-gegn-kynbundnu-ofbeldi-ljosaganga-un-women-a-islandi-og-fleira>

³ Hálf líf heimilislausra kvenna. 2024: <https://www.visir.is/g/20242657313d/half-lif-heimilis-lausra-kvenna>



1- Á myndinn er stjórn FEANTSA fyrir utan Evrópuþingið, Kristín í öftustu röð.

European Group on Gender and Drugs

Kristín, talskona, er í sérfræðingahópi sem vinnur undir hatti European Union Drugs Agency (EUDA) sem áður hét European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (EMCDDA).

Hópurinn vinnur að undirbúningi hliðardagskrár um málefni kynjanna og vímuefni á **Lisbon Addictions - European Conference on Addictive Behaviours and Dependencies**,⁴ sem haldin er annað hvert ár í Lissabon. Ráðstefnan sem er haldin í víðtæku helstu stofnana í Evrópu, og alþjóðlegra stofnana sem fjalla um málefni fólks með vímuefnavanda, er sú stærsta sem haldin er í Evrópu um vímuefnamál og þar hittast leiðandi rannsakendur, fagfólk og notendur þverfaglegri ráðstefnu sem er mikilvægur vettvangur fyrir þekkingarstarf og tengslamyndun. Þema ráðstefnunnar sl. haust, er 'Empowering the workforce of the future' í samræmi við þá miklu áherslu sem nú er í Evrópu á að bæta og samræma menntun í málaflokknum. Hliðarviðburður um málefni kynjanna og vímuefni er haldinn ásamt viðburði um konur í fangelsum.

⁴ Lisbon Addictions 2024: <https://www.lisbonaddictions.eu/lisbon-addictions-2024/>.

Stefnumótunarhópar

Notendaráð heilbrigðisþjónustu

Heilbrigðisráðherra skipaði í nóvember árið 2022 í notendaráð heilbrigðisþjónustu samkvæmt tilnefningum sjúklingasamtaka og er tilgangur þess að tryggja að sjónarmið notenda séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um atriði sem varða hagsmuni sjúklinga innan heilbrigðisstofnana. Kristín I. Pálsdóttir var aðalfulltrúi Rótarinnar í ráðinu og Helga Baldvins Bjargardóttir varamaður.

Fulltrúar í notendaráði eru skipaðir til tveggja ára í senn. Gert var ráð fyrir að það verði breytilegt frá einum tíma til annars hvaða sjúklingafélög ættu fulltrúa í ráðinu. Skipunartíma fulltrúa Rótarinnar lauk í nóvember sl. og okkur er ekki kunnugt um hvort framhald verður á starfi ráðsins.

Starfshópur til að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnum

Heilbrigðisráðherra skipaði einnig, hinn 6. september 2023, í febrúar í ár starfshóp til að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnum. Stefnan á að taka til forvarna, meðferðar og eftirfylgni, endurhæfingar og lagaumhverfis. Jafnframt er gert ráð fyrir að hún taki mið af mismunandi þörfum ólíkra hópa. Kristín talskona Rótarinnar stýrir vinnu hópsins sem upphaflega átti að skila af sér stefnu 1. september 2024. Ljóst var frá upphafi að sá tími yrði of stuttur fyrir þessa víðtæku vinnu. Eftir stjórnarskipti er ekki ljóst hvernig þessu verki vindur fram.

Starfshópur um stefnu í skaðaminnkun

Heilbrigðisráðherra skipaði einnig starfshóp sem hafði það hlutverk að semja stefnu stjórnvalda í skaðaminnkun og leggja til aðgerðaáætlun sem byggist á stefnunni.

Gert var ráð fyrir að hópurinn skilaði drögum að stefnu og aðgerðaáætlun til ráðherra eigi síðar en 15. mars 2024 en reyndin varð sú að lokaskýrsla var lokað í nóvember 2024.⁵

Starfshópnum var skipt í kjarnahóp og rýnihóp og var fulltrúi Rótarinnar í rýnihópi. Félagið skilaði séráliti þar sem lagt er til að varsla neysluskammta sé afgangavædd. Þar tekur Rótin undir athugasemdir nefndar Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um efnahags-, félags-, og menningarleg réttindi frá því í haust ... "Lýsir nefndin áhyggjum yfir því að aðildarríkið heldur áfram að refska fólki fyrir að hafa undir höndum fíkniefni til eigin nota, sem getur komið í veg fyrir að fólk sem notar fíkniefni nýti sér skaðaminnkunaráætlanir og heilbrigðisþjónustu (12. gr.)."⁶

Fagráð um nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa

Fagráð um nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa á vegum SÁÁ og Háskólans á Akureyri hefur verið starfandi frá árinu 2023 og er Kristín fulltrúi Rótarinnar í því. Mjög er kallað eftir stefnumótun í málaflokknum og Rótin er virkur þátttakandi í þeirri vinnu sem nú fer fram.

⁵ Heilbrigðisráðuneyti. 2025. Lokaskýrsla starfshóps um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun:

https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Skaðaminnkun_Lokaskýrsla_janúar%202025.pdf

⁶ Athugasemdir Mannréttindaráðs Sp við fíknistefnu á Íslandi: <https://rotin.is/athugasemdir-mannrettindarads-sth-vid-fiknistefnu-a-islandi/>

Viðburðir

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar

Þórey Einarsdóttir, umsjónarkona í Konukoti, hlaut mannréttindaverðlaun Reykjavíkur 2024 fyrir störf sín í þágu jaðarsettra einstaklinga. Þórey hefur starfað í Konukoti, fyrsta og eina athvarfinu fyrir heimilisláusar konur á Íslandi, frá opnun þess. Eins og segir í ummælum valnefndar: "Í tuttugu ár hefur Þórey unnið störf sín af hógværð og sjaldséðu örlæti án þess að missa nokkurn tímann sjónar á kjarna starfsins: Að standa með og styðja konur sem fátt eiga annað en óvissuna. Þórey Einarsdóttir er ein af þeim fjölmörgu konum og fólki sem starfa á bak við tjöldin í almannaheillasamtökum innan borgarinnar, fólk sem vinnur ómetanlegt og óeigingjarnt starf í þágu meðborgara sinna og mannréttinda."⁷

Rótin óskar Þórey innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu og þakkar henni vel unninstörf en hún lætur af störfum um næstu mánaðamót.



2- Þórey með þáverandi borgarstjór, Einari Þorsteinssyni, við Höfða

⁷ Þórey Einarsdóttir hlýtur mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2024: <https://reykjavik.is/frettir/2024/thorey-einarsdottir-hlytur-mannrettindaverdlaun-reykjavikurborgar-2024>

Kertavaka og minningarorð um Ólöfu Töru

Félagasamtökin Öfgar og Hagsmunasamtök brotabola boðuðu til kertavöku þann 9. október 2024 til að minnast kvenna sem ganga ekki lengur meðal okkar vegna afleiðinga kynbundis ofbeldis.

Kertavakan var haldin fyrir utan Kvennaskólann í Reykjavík að Fríkirkjuvegi 9 þar sem aðstandendur þolenda og aðgerðasinnar heldu stutt erindi. Þar á meðal var talskona Rótarinnar ásamt Ólöfu Töru stjórnarkonu í Öfgum, Guðnýju S. Bjarnadóttur, nv. formani Vitundar, Drífu Snædal talskonu Stígamóta og Uglu Stefaníu kynjafræðingi og sérfræðingi í málefnum hinsegin fólks.⁸

Því miður ákvað Ólöf Tara Harðardóttur, sem var ein af stofnendum félaganna Öfga og Vitundar, og öflug og hugrökk baráttukona fyrir þolendur kynbundins ofbeldis að ljúka sinni hérvist hinn 30. janúar sl. og skilur hún eftir sig stórt skarð í hópi baráttufólks fyrir betri heimi fyrir þolendur.

Ólöf Tara og Rótin áttu sameiginleg baráttumál og sannarlega er átakanlegt að kveðja svo unga og hugdjarta konu og sendi Rótin aðstandendum Ólafar Töru og samverkakonum innilegar samúðarkveðjur og þakkaði hennarframlag til baráttunnar gegnkynbundnu ofbeldi.



3- Myndina tók Olga Björt Þórðardóttir á Kertavökunni og á henni eru Guðný S. Bjarnadóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Ólöf Tara, Uglu Stefania og Drífa Snædal.

⁸ Sjá erindi Kristínar talskonu á Kertavöku: <https://rotin.is/kertavaka/>

Innland verkefni

- Rótin hefur tekið þátt í **16 daga átaki gegn ofbeldi** undanfarin ár. Halldóra R. Guðmundsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir skrifuðu af þessu tilefni greinina „[Hálft líf heimilislausra kvenna](#)“ sem birtist í Vísi 1. desember 2024.
- Rótin fékk styrk frá heilbrigðisráðuneyti til að bjóða upp á lágþröskuldaheilsugæslu fyrir gesti Konukots og jaðarsettar konur. Þetta verkefni hefur verið á teikniborðinu frá árinu 2023 en ýmsar hindranir hafa orðið á veginum í að koma því til framkvæmda. En hinn 1. apríl sl. hóf störf í verkefninu Anika Noack, hjúkrunarfræðingur, sem einnig er að ljúka námi í ljósmóðurfæðum.
- Lýðheilsusjóður styrkti félagið til að vinna fræðsluefni um mannréttindamiðaða nálgun fyrir þau sem vinna með jaðarsettum hópum. Í janúar var haldið tveggja daga námskeið sem tekið var upp og verður sett upp á vef Rótarinnar í námskeiðsformi ásamt rituðu fræðsluefni og verður efnið öllum opið.
- Tveir rýnihópar voru haldnir á vegum INTERACT-verkefnisins þar sem annars vegar stjórnendur og sérfræðingar hittust og hins vegar fólk sem vinnur á vettvangi. Hóparnir höfðu þann tilgang að ígrunda stöðu þekkingar og þá þjónustu sem í boði er fyrir heimilislausar konur sem hafa upplifað kynbundið ofbeldi og eru með flókna áfallasögu, vímuefna- og geðrænan vanda. Meginmarkmið rýnihópanna er að fjalla um hvaða þarfir og óskir eru hjá þeim sem starfa með heimilislausum konum um þjálfun og fræðslu svo að síðar sé hægt að búa til námskrá til að innleiða fræðsluefnið. Góð þátttaka var í hópunum og áhugaverð umræða.
- Áfallanámskeið fyrir konur í samstarfi við Grænuhlíð fjölskyldumiðstöð hófst 3. mars og lýkur 12. maí. Leiðbeinendur á námskeiðinu eru Margrét Gunnarsdóttir, sálmeðferðarfræðingur MSc og sérfræðingur í geðsjúkraþjálfun með áfallameðferð sem sérvið og Harpa Katrín Gísladóttir, cand.psych. frá Háskóla Íslands.
- Á árinu var farið í söfnun styrktarfélags í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2024 eins og segir í fundargerð aðalfundar. „Ráðið leggur til að farið verði í átak í að safna styrktarfélögum í stað þess að innheimta félagsgjöld. Með þessu móti getur hver félagi ákveðið hversu mikið greitt er í félagsgjöld.“ Samið var við fyrirtækið Takk ehf. um að sjá um söfnunina. Þetta verkefni verður byggt upp á næstu árum.

Erlend samstarfsverkefni

INTERACT-verkefnið

Rótin er þátttakandi í INTERACT-verkefninu sem hefur það að markmiði að gera tillögur að innleiðingu áætlunar sem tekur á margþættum vanda heimilislausra kvenna sem lifa við ótryggar aðstæður, svo sem ofbeldi í nánum samböndum, geðrænan vanda og vímuefnavanda.⁹

Verkefnið, sem er til þriggja ára, miðar þannig að því að kortleggja aðstæður heimilislausra kvenna í hverju þátttökuríki og setja fram tillögur að aðgerðum svo bæta megi aðstæður og þjónustu við heimilislausar konur með fjölþættan vanda í þeim löndum sem aðild eiga að verkefninu.

Rótin og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, fyrir hönd Háskóla Íslands eru íslensku þátttakendurnir í verkefninu en auk þeirra eru Grikkland, Ítalía, Þýskaland, Portúgal og Rúmenía aðilar að verkefninu. INTERACT-verkefnið er styrkt af Félags- og vinnumálaáætlun Evrópusambandsins.

INTERACT – Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women – er Evrópuverkefni sem styrkt er af Félagsmálasjóði Evrópu+ (EFS+) í flokki félagslegrar nýbreytni til að berjast gegn heimilisleysi (ESF-2023-HOMELESS). Verkefnið er til þriggja ára og hófst í október 2024.

Verkefnið miðar að því að kortleggja aðstæður heimilislausra kvenna í hverju þátttökuríki og setja fram tillögur að aðgerðum svo bæta megi aðstæður og þjónustu við heimilislausar konur með fjölþættan vanda í þeim löndum sem aðild eiga að verkefninu.

Rótin og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, fyrir hönd Háskóla Íslands, eru íslensku þátttakendurnir í verkefninu en auk þeirra eru þátttakendur frá Grikklandi, Ítalíu, Þýskalandi, Portúgal og Rúmeníu aðilar að verkefninu.

Ávörp, erindi og umsagnir

Rödd Rótarinnar hefur heyrst víða á árinu. Rótarkonur hafa tekið þátt í umræðum, haldið erindi og fræðslufundi á starfsárinu og má þar nefna:

- Rótin sendi stjórn málaflökkunum sem buðu fram til Alþingiskosninga sem haldnar voru 30. nóvember 2024 eftirfarandi fyrirspurn, ásamt upplýsingatexta, um vímuefnastefnu fyrir kosningar:

„Nýverið fékk heilbrigðisráðuneytið afhent stöðumat á vímuefna meðferðarkerfinu. Rótin hefur nú gert lauslega þýðingu á helstu niðurstöðum matsins og birt á vefnum og býður nú þeim flokkum sem bjóða fram til Alþingis að upplýsa um hvort þeir hafi kynnt sér matið í sínum hópi og hvaða áhrif það hafi á stefnu þeirra í málaflökknum.“

Stöðumat dr. Thomasar Kattau sem vísað er í má finna [hér](#).

Við fengum svör frá þremur flokkum, Viðreisn, Samfylkingu og Sósíalistum.

⁹ INTERACT – Evrópuverkefni: <https://rotin.is/interact-evropuverkefni/>.

- Að beiðni heilbrigðisráðuneyti tók Kristín saman greinargerð um nám í málaflokki vímuefnameðferðar þar sem fjallað er um hvaða menntun er í boði, aðallega í Evrópu.
- Rótin sendi umsögn um Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2028 þar sem félagið gagnrýndi að ekki væri minnst á konur með vímuefnavanda. Í endanlegri útgáfu hafði verið bætt þar úr og meðal annars komið inn eftirfarandi aðgerð:

Settur verði á fót starfshópur til að til að greina það ofbeldi sem konur og kvár sem glíma við vímuefnavanda og fólk sem er heimilislaut verður fyrir. Jafnframt að setja fram tillögur að aðgerðum til að draga úr því ofbeldi sem þessir hópar verða fyrir.

Fundur og heimsóknir

- 31. maí 2024. Vinnustofa Gæða- og eftirlitsstofnunar um gæðaviðmið í velferðarþjónustu. Halldóra og Helga Sif tóku þátt.
- 17.-18. júní 2024. Helga Lind Mar, teymisstjóri í Konukoti, og Kristín I. Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastjóri Rótarinnar, tóku þátt í ársfundi og ráðstefnu FEANTSA um miðjan júní og var hún að þessu sinni haldin í Vínarborg. Ferðin var einnig nýtt til að heimsækja verkefni fyrir heimilislaust fólk þar á meðal metnaðarfullt félagslegt húsnæði fyrir konur, Hafen* og veitingastað og heilsugæslu félagsins Neunerhaus, með glæsilegri tannlæknastofu, rekið með notandamiðaðri hugmyndafræði. Bæði voru þetta sannkölldu fyrirmyndarverkefni.
- 7. ág. 2024. Kristín var viðstödd opnun Ylju, neyslurýmis sem rekið er af Rauða krossinum.
- 24. sept. 2024. Fundur með dr. Thomasi Kattau um stöðumat á meðferðarkerfinu.
- 8. okt. 2024. Heimsókn í klúbbinn Round Table Iceland þar sem Kristín kynnti starf félagsins.
- 15.-17. okt. 2024. Erindi um Konukot fyrir sendinefnd frá Eistlandi sem vinnur að málefnum þolenda ofbeldis. Þriggja daga dagskrá var í ráðhúsi Rvk. og tók Kristín þátt í hluta hennar.
- 16. okt. 2024. Heimsókn frá Social Insurance Board Estonia.
- 16. okt. 2024. „Stoppað í götin“. Málþing Félagsráðgjafafélags Íslands og fagdeildar félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum var haldið á Grand hótél og hélt Kristín erindi um vinnu starfshóps um áfengis- og vímuefnamál.
- 4.-5. nóv. 2024. Kristín fór á framkvæmdastjórnarfund FEANTSA í Brussel. Mjög áhugavert og var Evrópuþingið heimsótt þar sem haldnir voru fundir með þingmönnum annars vegar um 'Homelessness & the new European Mandate'. Og fundur á vegum EPOCH Practice verkefnisins ásamt þingkonunni Alessöndru Moretti um aukna viðurkenningu á kynjuðum þáttum heimilisleysis í þróun stefnumótunar um heimilisleysi.
- 15. nóv. 2024. Unnur Ágústsdóttir, fór á fund Samfylkingar fyrir kosningar þar sem félagasamtökum var boðið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- 24. nóv. 2024. Kristín fór og kynnti Rótina fyrir lögreglunemum annað árið í röð.
- 28. nóv. 2024. Kynning á Rótinni fyrir Open Lithuania Foundation á Hallveigarstöðum.
- 5. des. 2024. Heimsókn á nýjan meðferðargang í fangelsinu á Litla-Hrauni.
- 23. des. 2024. Hallgrímskirkja bauð til messu þar sem úthlutað var styrkjum til félagasamtaka. Kristín mætti fyrir hönd Rótarinnar.
- 23. janúar 2025. Erindi um Rótin - úrræði fyrir heimilislausar konur í neyslu sem búa við ofbeldi fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkur vegna endurskoðunar aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.
- 7. mars 2025. Velferðarkaffi, opinn fundur velferðarráðs Rvk, um heimilisleysi. Halldóra, Helga Lind og Kristín mættu. Sagt var frá nýsamþykkttri og endurskoðaðri aðgerðaáætlun

með stefnu í málaflokknum, gerð grein fyrir nýjum búsetuúrræðum og sagt frá daglegum störfum Vettvangs- og ráðgjafarteymis Reykjavíkurborgar. Þá var fjallað um hvernig vettvangshjúkrun hefur reynst í málaflokknum en Reykjavíkurborg sér um heimahjúkrun í Reykjavík með samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

- 14. mars 2025. „Supporting Victims of Violence with Substance Use Problems“. Kristín hélt erindi fyrir Social Insurance Board Estonia sem hún tók upp og verður notað í þjálfun fólks sem vinnur með þolendum í Eistlandi.
- 14. mars 2025. Kynning á Rótinni fyrir nemendur Alþjóðlega jafnréttisskólans við Háskóla Íslands (GEST). Umræða um vitundarvakningu, fjármögnun og áskoranir.
- 9. apríl 2025. Heimsókn í Oddfellow-klúbbinn Goða. Kristín kynnti starf Rótarinnar.
- 25. apríl 2025. Heimsókn og erindi fyrir Lionsklúbbinn Kaldá í Hafnarfirði sem veitti Konukoti styrk.
- 1. maí 2025. Ráðskonur tóku þátt í 1 maí göngu með fulltrúum Kvennaárs og endursköpuðu líkneski Venusar sem markaði upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar í 1. maí göngu árið 1970.



4 - Sara Stef og Kristín fyrir framan Venusarlíkneskið

Fréttir og viðtöl

Félagið leitast við að vekja athygli á málstað sínum í fjölmiðlum og á árinu birtust eftirfarandi viðtöl og fréttir. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

Falið heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu

● Yngri stelpur koma sjaldan í Konukot ● Sofandi í tröppunum ● Kjósa að halda til í tjöldum á sumrin ● 4.276 einstaklingar leitað til Frú Ragnheiðar það sem af er ári ● Neyðarskýlin sprungin

Ólafur Pálsson
olafur@mbi.is

Halldóra R. Guðmundsdóttir forstöðukona Konukots segir heimilisleysi mjög falið á höfuðborgarsvæðinu en Konukot er neyðarskýli fyrir heimilislausar konur í Reykjavík.

Segist hún telja að margar heimilislausar stelpur skili sér ekki í Konukot og nefnir sérstaklega þær yngri sem kannski komi einu sinni inn í smá stund til þess að fá að borða og fá einhver fót.

„Við erum mjög fegnar þegar þær koma, því þá vitum við að þær eru ekki í óúrguggum aðstæðum því þær eru það mjög oft og koma stundum hingað eftir að hafa verið í einhverju ekki ákjósanlegu,“ segir Halldóra.

Eitthvað er um að strákar sofa úti. „Peir hafa verið að gera það hérna í tröppunum við hlöðina á okkur,“ segir hún. Um ástæður þess að þeir leiti þangað segir hún hópin samheldinn og að strákarnir umgangist konurnar mikið.

„Við getum þeim líka mat, hreinan búnað og fatnað þegar við eigum, stórar úlpur, teppi og svefnpoka og það sem við getum. Við reynum að hjálpa þeim eins og við getum líka.“

Leiti meira í Konukot

Þá segir Halldóra mikið um að yngri krakkar hoppi á milli sofa eða gisti hjá vinum. Á sumrin segir hún að fólk kjósi oft frekar að halda til í tjöldum og þá komi jafnvel margir saman.

Forstöðukonan segir margt jákvætt hafa gerst í málaflöknum á undanförunum árum. Leitað



Falinn vandi Eitthvað er um að strákar sofa úti, meðal annars í tröppunum við hlöðina á Konukoti.

sé meira í Konukot, þótt það sé kannski ekki endilega í gistingu. Það sé líka leitað í andlegan stuðning, mat og „þetta litla sem hægt er að gera“, eins og Halldóra orðar það.

„Maður hefur ágæta mynd af þessu og hefur meiri áhyggjur af þeim sem eru ekki að koma og nýta þjónustuna,“ segir hún.

Ef marka má greiningu á heimilislausum úr stefnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir 2019-2025 neyttu á þeim tíma 65% heimilislausra

áfengis og/osa annarra vímuefna að staðaldrí. Af þeim neytti rúmlega helmingur bæði áfengis og annarra vímuefna að staðaldrí. Gera má ráð fyrir að neysla heimilislausra í dag sé að minnsta kosti svipuð og þá.

Vilja ekki nýta neyðarskýlin

Frú Ragnheiður er sérútbúinn bíll sem sjálfbodaliðar Rauda krossins aka um götur borgarinnar og veita skadaminnkandi heilbrigðisástoð og nálskiptajónustu. Langflestir þeirra sem leita til Frú Ragnheiðar eru heimilislausir. Þangað leituðu á síðasta ári 5.898 einstaklingar og

það sem af er þessu ári hafa 4.276 nýtt sér þjónustuna.

Jónína Bogadóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Frú Ragnheiði og fyrrverandi sjálfbodaliði, segir marga sem leita til Frú Ragnheiðar kjósa að nýta ekki neyðarskýlin. „Þetta er fólk sem er á milli staða, fær inni hjá einhverjum í einhvern tíma og fer svo á næsta stað.“

Á sumrin útveggar Frú Ragnheiður fólkí tjöld, svefnpoka og dýnur sem Jónína segir að mikið sé sótt í. Segir hún suma kjósa frekar að sofa úti öryggisins vegna og einnig geti á neyðarskýlunum verið mikið

HEIMILISLEYSI

Falið vandamál

Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem vitað er til að séu heimilislausir á höfuðborgarsvæðinu.

Heimilisleysi kvenna er meira en tölur gefa til kynna. Mörg dæmi eru um að heimilislausar stelpur skili sér ekki í Konukot eða önnur úrræði sem þeim standa til boða.

Margir kjósa að nýta ekki neyðarskýlin, sér í lagi á sumrin þegar fólk vill frekar halda til í tjöldum og gjarnan í stærri hópum.

áreiti. Þá kjósi fólk frekar að vera í tjöldi þar sem er meira næði.

Fólk býr í neyðarskýlum

Neyðarskýlin hafa eflir því sem Morgunblaðið kemst næst ekki verið að vísa fólk frá undanfarið en þau eru þó sprungin og gíst er á bæði sófum og á dýnum á gölfum.

Jónína furðar sig á því að sumir hafi verið mjög lengi í neyðarskýli. „Það er alltaf fullt í skýlunum á Lindargötu og á Grandu. Margir okkar skjólstaðinga hafa verið þar í mörg ár. Þetta eiga að heita neyðarskýli en fólk býr bara þarna.“

28. maí 2024. [Kraftur jákvæðra samskipta og þjónandi leiðsagnar](#). Frelsið er yndislegt, hlaðvarp. Samstöðin. Viðtal við Halldóru R. Guðmundsdóttur, forstöðukonu í Konukoti.

8. sept. 2024. [Langeygar eftir nýju Konukoti en lítið gerist](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur í fréttum RÚV.

9. sept. 2024. [Auglýsa eftir nýju húsnæði fyrir Konukot á næstu dögum](#). Frétt á RÚV.

4. október 2024. [Falið heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu](#). Viðtal við Halldóru R. Guðmundsdóttur, forstöðukonu í Konukoti. Mbl.is

2. des. 2024. [Skaðaminnkunarstefna](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur. Samfélagið, RÚV.

7. des. 2024. [Glóðin seld til styrktar Konukoti](#). Fréttir, Stöð tvö.

7. des. 2024. [Fagnar nýrri stefnu stjórnvalda](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur. Fréttir, Stöð tvö.

4. mars 2025. [Gleymdu konurnar](#). Viðtal við Halldóru R. Guðmundsdóttur og Kristínu I. Pálsdóttur. Rauða borðið, Samstöðin.

4. mars 2025. [„Konur sem glíma við heimilisleysi verða fyrir ofbeldi á hverjum degi“](#). Forsíðuviðtal við Halldóru R. Guðmundsdóttur.



5. mars 2025. [Konukot verði í Ármúla til bráðabirgða en finna þarf framtíðarstað](#). RÚV.

4. apríl 2025. [„Þetta kemur ekki á óvart“](#). Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttir. Mbl.is

Starfsáætlun

Konukot er stærsta verkefni félagsins eins og undanfarin ár. Nú stendur fyrir dyrum að starfsemin flytji í Ármúla 34. En tímasetning er ekki ljós.

INTERACT-verkefnið á eftir að setja mark sitt á næstu starfsár og á haustmánuðum munu t.d. verða haldin námskeið í öllum þáttökulöndum fyrir starfsfólk í málaflokki heimilislausra.

Áfram verður haldið að vinna að þjálfun og fræðslu starfsmanna í Konukoti til að viðhalda og bæta því góða starfi sem þar fer fram og hafa skilað góðum árangri í gæðum starfsins. M.a. með því að klára koma fræðsluefni sem búið var til nú eftir áramót á netið.

Félagið stefnir að því að halda áfram að standa að viðburðum þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar og fagfólk deilir þekkingu og reynslu.

Heilbrigðisverkefnið sem heilbrigðisráðuneytið styrkir er nú komið af stað og verður það byggt upp á árinu.

Undurbúningur að fjórðu ráðstefnu félagsins hefst á haustmánuðum.

Félagið er komið með gott tengslanet erlendis m.a. í gegnum Evrópuverkefni og er áhugi á að nýta þau til frekari þekkingaruppbyggingar.

Á næstu mánuðum verður unnið að rannsókn á komum heimilislausra kvenna á bráðamóttöku og verur kynning á niðurstöðum í tengslum við Kvennaár 2025, sennilega í október.

Samstarfsvettvangur kvenna sem vinna með konum, hefur ekki náð sér á strik eftir Covid en áhugi virðist vera fyrir því að endurvekja þann vettvang og vert að fullreyna það á starfsárinu.

Áfram þarf að veita hinu opinbera aðhald varðandi stefnu og málefni kvenna og kvára með vímuefnavanda. Mikil stefnumótunar- og fræðsluvinna mun fara fram innan INTERACT-verkefnisins en einnig þarf að ýta á stjórnvöld að klára þá vinnu sem þegar er hafin. Ekki er t.d. ennþá komin lög um skaðaminnkun þó að starfshópurinn hafi skilað skýrslu.

Rótin mun því halda áfram að berjast fyrir bættri stefnu og gæðaramma um þjónustu við fólk með vímuefnavanda og heimilislaut fólk þar með talið, klínískum leiðbeiningar, gæðaviðmiðum, leiðbeiningum um góðar venjur og starfshætti.

Áfallanámskeið í Grænuhlíð sem nú er að ljúka hefur gengið vel og verður haldið áfram með það verkefni.

Þá verður unnið að innra starfi félagsins:

- Fara þarf yfir lög félagsins á næsta starfsári og semja starfsreglur fyrir ráð félagsins.
- Vinnufundur ráðsins, sem einnig opinn er félögum félagsins verur að hausti.